



Reykjavík, 22. júní 2026
SFS26020026

Borgarráð

Samþykkt skóla- og frístundaráðs um flutning á þáttökubekk úr Árbæjarskóla í Víkurskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. júní 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. júní 2026, ásamt umsögnum skólaráðs Árbæjarskóla, dags. 26. maí 2026, skólaráðs Víkurskóla, dags. 13. maí 2026 og skólaráðs Klettaskóla, dags. 11. júní 2026:

Lagt er til að þáttökubekkur Klettaskóla verði fluttur frá Árbæjarskóla í Víkurskóla. Þáttökubekkurinn verði hluti af starfsemi Víkurskóla í stað Klettaskóla. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2026.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingafyllst

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasvið

Meðfylgjandi:

Greinargerð, dags. 11. júní 2025

Umsögn skólaráðs Árbæjarskóla, dags. 26. maí 2026

Umsögn skólaráðs Víkurskóla, dags. 13. maí 2026

Umsögn skólaráðs Klettaskóla, dags. 11. júní 2026



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 11. júní 2026

SFS26020026

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um flutning á þáttökubekk úr Árbæjarskóla í Víkurskóla

Lagt er til að þáttökubekkur Klettaskóla verði fluttur frá Árbæjarskóla í Víkurskóla. Þáttökubekkurinn verði hluti af starfsemi Víkurskóla í stað Klettaskóla.

Breytingin taki gildi 1. ágúst 2026.

Greinargerð

Í stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar árið 2012 var gert ráð fyrir 4 þáttökubekkjum í borginni. Sá fyrsti var svo formlega stofnaður 1. ágúst 2013 og var ákveðið að hann yrði í Árbæjarskóla.

Nemendur Árbæjarskóla eru nú 746 og það þrengir verulega að starfsemi skólans vegna fjölda í nemenda. Þess vegna er lagt til að þáttökubekkurinn verði fluttur í Víkurskóla og að starfsemi hans lúti stjórn hans en ekki Klettaskóla eins og verið hefur. Þetta er til að minnka álag á stjórnendur Klettaskóla og minnka stjórnendaspönn skólans.

Í þáttökubekknunum eru núna 7 nemendur – 6 á unglíngastigi og einn úr 6. bekk. Lagt er til að hann muni flytjast með bekknum í Víkurskóla.

Staða þessara nemenda í frístundastarfi verður óbreytt með tilliti til sértækrar frístundaþjónustu þar sem Víkurskóli er í sama borgarhluta og Árbæjarskóli.

Lagt er til að umsóknir um skólavist fái efnislega meðferð í teymi skipað fulltrúa stjórnenda í Víkurskóla, stjórnenda Klettaskóla, fulltrúa frá miðlægri fagskrifstofu grunnskóla auk verkefnisstjóra málefna fatlaðra á skrifstofu frístundamála úr frá gildandi reglum um innritun og útskrift Klettaskóla. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna þess að þessi bekkur mun hér eftir sem hingað til þjóna allri borginni.

Þáttökubekkur hefur verið tengdur Klettaskóla en mun nú flytjast alfarið yfir í Víkurskóla. Fjárheimildir verða þær sömu og flytjast yfir til Víkurskóla. Fjárheimildir eru því óbreyttar.

Fjöldi stöðugilda verða óbreyttur. Starfsmenn munu að hluta færast yfir og á móti koma starfsmenn úr Víkurskóla.



Reykjavík

Reykjavík 26. maí 2026

Skólaráð Árbæjarskóla styður beiðni skólastjóra Árbæjarskóla um að flytja þátttökubekk Klettaskóla í annan grunnskóla í Reykjavík. Ástæða beiðinnar er aukinn nemendafjöldi í Árbæjarskóla. Þessi aukni nemendafjöldi hefur leitt til mikilla þrengsla innan skólans. Samhliða auknum fjölda nemenda hefur stuðningsþörf innan Árbæjarskóla aukist sem kallað hefur enn frekar á viðbótarkennslurými.

Þátttökubekkurinn hefur verið staðsettur í Árbæjarskóla en verið hluti af Klettaskóla og heyrir undir skólastjóra þess skóla. Samstarfið hefur alla tíð verið mjög gott.

Með von um farsæla lausn fyrir þátttökubekkin.

Fyrir hönd skólaráðs Árbæjarskóla,

Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri

Fulltrúar í skólaráði Árbæjarskóla eru eftirfarandi:

Fulltrúi stjórnenda, Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri

Fulltrúar kennara, Margrét Sæberg Sigurðardóttir og Sólveig Geirsdóttir

Fulltrúi starfsmanna, Þórdís Eva Sigurðardóttir

Fulltrúi foreldra, Silja Kristjánsdóttir og Stefán Orri Stefánsson

Fulltrúar nemenda, Rebekka Lind Harðardóttir, nemandi í 4. bekk, Ragna Tryggvadóttir, nemandi í 7. bekk, Ari Kjartan Jónsson, nemandi í 10. bekk og Eva Margrét Franzdóttir, nemandi í 10. bekk

Fulltrúi grenndarsamfélags, Hörður Guðjónsson, íþróttafélaginu Fylki

Fulltrúi frístundaheimilisins Töfrasels, Erna Bryndís Einarsdóttir

Fundargerð skólaráðs Víkurskóla

Dagsetning: 13. maí 2026

Fundarstjóri: Þuríður Óttarsdóttir

Fundarritari: Vala Nönn Gautsdóttir

Mættir:

- Loftur Þ. Guðmundsson
- Fiona Elizabeth Oliver
- Harpa Guðrún Baldvinsdóttir (9. bekkur)
- Jón Bjartur Atlason (10. bekkur)
- Ólafur Vilhelm Jónsson (8. bekkur)
- Atli Már Jónsson

Helstu málefni

1. Skipulag næsta skólaárs

Farið var yfir mönnun og stundaskrárbreytingar. Tímum í náttúrufræði fjölgar í 3 tíma í 10. bekk og list- og verkgreinatímum fjölgar í 3 tíma í 9. bekk. Rætt var um að hafa lífsleikni sem sérfag og breyta fyrirkomulagi umsjónar í aldursblandaða hópa. Skoðað er að bæta við fjórða kennara í Uglur, endurvekja „Núllið“ og innleiða velsældarkennslu.

Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda í Valveri þar sem þáttökubekkur úr Klettaskóla sem hefur verið staðsettur í Árbæjarskóla flyst yfir í Víkurskóla og verður þá fjölgað í starfslíði skólans og ráðinn inn þroskapjálfi, sérkennari og aðrir sérfræðingar til að mæta þeim nemendum auk nemenda Valvers. Samlegðaráhrif er mikil með núverandi Valveri Víkurskóla og tilvonandi þáttökubekk og munu þeir verða nemendur Víkurskóla en ekki skilgreind sérstaklega sem þáttökubekkur. Fulltrúum í skólaráði leist vel á þessa fjölgun nemenda og telja það auka fjölbreytileika skólans sem er einmitt eitt af gildum Víkurskóla. Engar athugasemdir voru gerðar við þessar viðbót við skólann af fulltrúum skólaráðs.

2. Framkvæmdir fram undan

Viðhaldsverkefni innanhúss voru reifuð, gólf verða bónuð og stigar lakkaðir. Tilfærslur verða á tónlistarstofu og litlu ræktinni, og Renate færirist að öllum líkindum í tónlistarstofu og hennar stofa 101 mun tilheyra Valverinu.

3. Skipulag á vordögum

Farið var yfir dagskrá maí og júní. Helstu atriði eru umhverfisdagur 22. maí, fyrirlestur um ofbeldi 27. maí og vordagur 8. júní, útskrift tíunda bekkjar er 9. júní kl. 14 og svo eru nemendastýrð viðtöl 10. júní þar sem nemendur sýna foreldrum hæfnikortin sín.

4. Góðgerðardagar

Góðgerðardagar verða 4.–6. júní. Áttundi bekkur hefur forgang í heimilisfræðistofuna, en aðrir nemendur undirbúa sölonýjungar heima. Opið hús verður laugardaginn 6. júní (kl. 11–13).

5. Útskrift

Útskrift 10. bekkjar verður 9. júní kl. 14:00 í íþróttahúsinu. Dagskráin inniheldur ræður og tónlist. Foreldrafélagið gefur rósir.

6. Önnur mál

- **Valgreinar:** Rætt var um framboð valgreina á næsta ári en þar sem það á að bæta við tímum í náttúrufræði og list- og verkgreinum, ásamt umsjón þá fækkar valgreinum í öllum árgöngum.
- **Námsumsjónarkerfi:** Rætt um flutning yfir í námsumsjónarkerfið Námfús. Reykjavíkurborg vinnur að útboði en breytinga er ekki að vænta fyrir en eftir tvö ár.
- **Símabann:** Skólinn heldur sínum reglum óbreyttum þar til nýjar línur berast frá yfirvöldum.
- **Kunnáttukort:** Mikil ánægja er með kortin í stærðfræði og náttúrufræði. Nemendur vilja sjá þetta í Uglum líka, sundurliðað eftir fögum þar sem lokaeinkunn reiknast jafnóðum.
- **Skemmdarverk:** Rætt um skemmdarverk á salernum sem unnin voru í gær. Einnig var rætt um skápmálin en búið er að brjóta hurðir af mjög mörgum skápum

Reykjavík, 11. Júní 2026

Fundur skólaráðs Klettaskóla

Mættir: Arnheiður skólastjóri, Heiða Hrönn fulltrúi foreldra, Hrefna fulltrúi þroskaþjálfara, Jón Gunnar fulltrúi kennara og Elín Arndís aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð

Frá og með næsta hausti mun starfsemi þáttökubekkjar Klettaskóla sem staðsettur er í Árbæjarskóla verða flutt í Víkurskóla. Nemendum bekkjarins hefur verið boðin skólavist í Víkurskóla og munu þeir hefja skólagöngu þar í ágúst n.k. Nemendurnir eru 5 og hafa allir þegið skólapláss.

Skólaráð Klettaskóla hefur fjallað um þær breytingar sem fram undan eru á starfsemi þáttökubekkjar og samþykkir breytingarnar.

Rafræn undirritun skólaráðs